

## 80. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 24. október 2017.

### Fundargerð

#### Fundurinn haldinn í síma og hófst kl. 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ)

Forföll boðaði Sæunn Stefánsdóttir (SS) og ekki komust varamenn í hennar stað.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 79
2. Fundargerð stjórnar SSA frá 16. október 2017
3. Nýir samstarfssamningar
4. Húsnæðismál
5. Auglýsing eftir verkefnastjóra
6. Íslenskukennsla, bréf til MMR
7. Flugvallaverkefni
8. Önnur mál
  - a) Verkefnaráð vegna Kröflulínu 3
  - b) Staða ýmissa verkefna

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

### 1. Staðfesting fundargerðar nr. 79

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 79.

### 2. Fundargerð stjórnar SSA frá 16. október 2017

Stjórn SSA óskar eftir því að fundargerðir stjórnar Austurbrúar verði sendar til kynningar í stjórn SSA og með sama hætti verði fundargerðir SSA lagðar fyrir stjórn Austurbrúar til kynningar.

Fundargerð stjórnar SSA frá 16. október lögð fram til kynningar.

### 3. Nýir samstarfssamningar

Í samræmi við samþykkt stjórnar frá því í vor hefur verið unnið að breyttu þjónustusamningaumhverfi fyrir fyrirtæki og einstaklinga við Austurbrú. Innleiðing á nýju samningaumhverfi er hafið undir merkjum samstarfsyfirlýsingar um Austurland. Ný gjaldskrá tekur gildi í tveimur þrepum og verður að fullu komin til framkvæmda 2019. Hluti af innleiðingarferlinu tengist vinnustofu sem haldinn verður þann 31. október í sláturhúsinu á Egilsstöðum undir yfirskriftinni Áfram veginn – Áfram Austurland.

Umræða um grunnsamninga um markaðsmál við sveitarfélög í þessu samhengi og samþykkir stjórn að fyrir árið 2018 verði miðað við 750 kr. per íbúa. Framkvæmdastjóra falið að taka þetta til umfjöllunar í markaðsráði sveitarfélaganna.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við opinberar stofnanir á vegum ríkisins á Austurlandi um að gerast aðilar að samstarfinu.

### 4. Húsnæðismál

JÁÐ fór yfir stöðu mála varðandi les- og vinnuáðstöðu nemenda á starfsstöðvum Austurbrúar. Stjórn óskar eftir því að fá kostnaðargreiningu á valkostum og mögulegu úrbótum sem hægt er að ráðast í til að mæta aukinni þörf og eftirspurn eftir aðstöðu.

## 5. Auglýsing eftir verkefnastjóra

JÁÐ fór yfir drög að auglýsingu. Stjórn leggur til að starfið sé auglýst tímabundið til eins árs vegna leyfis starfsmanns og opið varðandi staðsetningu á einum af starfsstöðvum Austurbrúar.

## 6. Íslenskukennsla, bréf til MMR

Lagt fram til kynningar erindi sem fór frá Kvasir, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva til menntamálaráðuneytisins vegna rýrnunar fjármagns til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Krónutala pr. einingu hefur staðið óbreytt frá 2010 og kostnaðarauka þ.a.l. velt yfir á fræðsluaðilann og nemendur.

## 7. Flugvallaverkefni

Farið yfir drög að samningi við ANR. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn þegar hann liggur fyrir.

## 8. Önnur mál

### a) Verkefnaráð vegna Kröflulínu 3

Stjórn felur framkvæmdastjóra að rita Landsneti bréf vegna umfangs sem felst í setu í verkefnaráðinu á grundvelli umræðna á fundinum.

### b) Önnur verkefni

Framkvæmdastjóri fór örstutt yfir stöðu mála í nokkrum verkefnum stofnunarinnar og verður farið nánar yfir verkefnin á næsta fundi stofnunarinnar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn þann 14. nóvember kl. 15-17 á Egilsstöðum. Áhersla fundarins verður á fjárhagsáætlunarvinnuna og mun stjórnendateymi Austurbrúar sitja fundinn.

Fundi slitið kl. 16:20

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Sveinn Jónsson

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

